

Samfélags- og náttúrufræði 6. bekkur

Skólaárið

Skólaárið 2024-25

Helstu námsþættir vetrarins

Náttúrulega 1 og 2 þar sem við kynnumst mannslíkamanum, lærum um náttúruna, krafta í náttúrunni og hvað er að finna út í geimnum meðal annars.

Í Snorra sögu er verið að fræðast um Sturlungaöldina og það mannlífið sem þá var.

Í Norðurlöndunum er farið yfir helstu einkenni landanna sem liggja undir og þá lífshætti sem tilheyra hverju landi fyrir sig.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Snorrasaga: Sagan er lesin og unnin verkefni tengd hverjum kafla fyrir sig.

Í Norðurlöndunum verður megin áherslan á að nemendur læri að vinna með kort og fletta upp í kortabókum og að nýta nemendabókina til upplýsingaleitar. Nemendur lesa í lesbókinni heima fyrir tíma og svara spurningum úr efninu. Í skóla vinna nemendur verkefni úr vinnubók þar sem reynir á hæfni í að leita upplýsinga. Stórt lokaverkefni verður unnið þar sem nemendur kynna land.

Í Náttúrulega er efnið lesið og verkefni unnin.

Námsaðlögun

Námsefni er aðlagð eftir þörfum.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allan veturinn og verða verkefni lögð fyrir þar sem reynir á námsefni vetrarins.

Námsgögn

Náttúrulega 1 að hluta og Náttúrulega 2

Snorra saga

Norðurlöndin

Ýmis myndbönd sem tengjast mannskynssögu.

Ítarefni frá kennara.